

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Evu Sjöfn Helgadóttur um skjaldkirtilssjúkdóma.

1. Hversu margir hafa greinst með skjaldkirtilssjúkdóm undanfarin 20 ár?

Á vegum heilbrigðisyfirvalda, þ.m.t. hjá embætti landlæknis, er ekki haldin sérstök skrá um skjaldkirtilssjúkdóma. Því hefur heilbrigðisráðherra ekki upplýsingar um fjölda greininga skjaldkirtilssjúkdóma.

2. Hefur tíðni skjaldkirtilssjúkdóma breyst undanfarin 20 ár? Ef svo er, af hverju ætli það stafi?

Ekki er haldin sérstök skrá yfir skjaldkirtilssjúkdóma á vegum heilbrigðisyfirvalda hér á landi og er því ekki unnt að svara þessari spurningu með fullnægjandi hætti. Svo unnt væri að svara fyrirspurninni þyrfti að fara fram sjálfstæð rannsókn og ítarleg gagnaöflun.

3. Hversu algengir eru skjaldkirtilssjúkdómar hér á landi miðað við önnur norræn ríki? Sjá svar við 1. lið fyrirspurnarinnar.

4. Hefur ráðherra í hyggju að auka vitund almennings um skjaldkirtilssjúkdóma? Ef svo er, hvernig? Ef svo er ekki, hvers vegna?

Ekki eru fyrirhugaðar sérstakar áætlanir um að auka vitund almennings um skjaldkirtilssjúkdóma á þessu stigi. Ef ástæða er til að vekja athygli á einstaka sjúkdómum er það gert, til að mynda með fræðslu um bólusetningar, skimanir og aðrar fyrirbyggjandi eða heilsueflandi aðgerðir.

Upplýsingar um vanvirkan skjaldkirtil og ráðleggingar um mataræði má finna á heilsuvera.is og heimasíðu embættis landlæknis. Markmiðið með þessum upplýsingum er að upplýsa og styrkja einstaklinga í að taka upplýstar ákvarðanir um eigin heilsu.